



LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM



LISTASAFNID Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM



2023



LISTASAFNID Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM



2023



LISTASAFNID Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM



2023



LISTASAFNID Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM



2023



INNGANGUR

FOREWORD



Listasafnið á Akureyri fagnar 30 ára afmæli sínu með fjölbreyttum viðburðum, áhugaverðum sýningum og stórrí afmælisveislu í lok ágúst – á Akureyrarvöku.

Það voru mikil tímamót þegar Listasafnið var stofnað 1993 í Gilinu, sem þá var gjarnan kallað Kaupfélagsgilið, en hefur síðan verið kallað Listagilið. Nú, 30 árum síðar, er fjölbreytt listsköpun til staðar, sýningarými og vinnustofur: Kaktus, Deiglan, Rösk og Mjólkurbúðin, gestavinnustofur, veitingastaðir og grasrótarstarfsemi. Listasafnið hefur vaxið og dafnað með margvíslegum sýningum og viðburðum sem eiga að höfða til sem flestra.

Við hefjum afmælisárið á sýningu á verkinu *The Visitors* eftir Ragnar Kjartansson, sem var af gagnrýnendum The Guardian valið besta listaverk 21. aldarinnar. Fallegt og seiðmagnað verk sem hægt er að njóta lengi, aftur og aftur. Í kjölfarið taka við yfirlitssýningar, einkasýningar, nemendasýningar, sýningar á klassískum verkum og samtímamyndlist og sumar sýningar teygja sig út fyrir veggj safnsins. Á næstu síðum er hægt að sjá yfirlit yfir sýningar ársins auk þeirra sýninga sem eru nú þegar í söllum safnsins.

Sérstök áhersla er hjá okkur á fræðslustarf fyrir börn og í samstarfi við leik- og grunnskóla Akureyrarbæjar bjóðum við upp á vandaða safnkennslu. Einnig er í boði fræðsla fyrir alla aldurshópa, s.s. fjölskylduleiðsögn, almenn leiðsögn, smíðjur, tónleikar og gjörningar, svo nefnt sé einungis brot af þeim rúmlega 130 viðburðum sem árlega eru á dagskrá. Ketilkaffi og safnbúðin bæta svo enn frekar við gæði heimsóknar í Listasafnið.

Nemendur framhaldsskólanna, Myndlistaskólans, háskólanna, sem og Listaháskólans, taka einnig virkan þátt í starfsemi safnsins, enda mikilvægt að Listasafnið sé staður fyrir hugmyndavinnu, fræðslu og upplifun á sama tíma.

Við bjóðum ykkur að fagna með okkur afmælinu – allt árið – því heimsókn í safnið á alltaf að vera veisla. Verið velkomin!

Hlynur Hallsson, safnstjóri.

Akureyri Art Museum's 30th anniversary will be celebrated with diverse events, interesting exhibitions and a big party at the end of August – on Akureyri Cultural Night.

The founding of Akureyri Art Museum in 1993 was an important milestone for Akureyri municipality – opening in what was then called Coop-Street, but is currently known as Art-Street. Now, 30 years later, art is blossoming there in exhibition spaces and studios: Kaktus, Deiglan, Rösk and Mjólkurbúðin, artists residencies, restaurants and grass roots. The Art Museum continues to thrive with diverse exhibitions and events that appeal to a wide audience.

We start the anniversary celebrations by exhibiting *The Visitors* by Ragnar Kjartansson, which was selected by The Guardian's critics as the best art-work of the 21st century. A beautiful and magical piece one can enjoy for a long while, again and again. After that, solo exhibitions, retrospective exhibitions, student exhibitions and exhibitions showing classical art as well as contemporary, will take over. Some will even be set up outside the walls of the museum. The following pages present an overview of the 2023 exhibitions as well as the exhibitions that have already been opened.

Museum education for children is of special importance at Akureyri Art Museum. In collaboration with the elementary and playschools in Akureyri, we offer quality museum education. Also guided tours for families, guided tours for all, workshops, concerts and performances, just to name a few of the over 130 events annually. The Café and Museum Store also add even more to a visit to the Museum.

Students at the secondary schools in town, Akureyri School of Visual Arts, the universities and Iceland University of the Arts, regularly participate in the program at the museum, since it is important that a museum is a place for education and experience at the same time.

You are invited to come and celebrate with us – throughout the year – since a visit to the museum should always be a celebration. You are all welcome!

Hlynur Hallsson, director of Akureyri Art Museum.

SÝNINGAR

EXHIBITIONS

Salir Galleries

04.02.2023 – 13.08.2023

RAGNAR KJARTANSSON
Gestirnir The Visitors

01

04.02.2023 – 14.05.2023

VALIN VERK ÚR SAFNEIGN LISTASAFNSINS Á AKUREYRI
SELECTED WORKS FROM AKUREYRI ART MUSEUM COLLECTION
Ný og splunkuný New and Brand New

02 03 04 05

10.02.2023 – 02.06.2023 / 09.09.2023 - 07.01.2024

SAMSÝNING GROUP EXHIBITION
Hér og þar I – II Here and There I – II

Hlíð

25.02.2023 – 23.04.2023

SAMSÝNING GROUP EXHIBITION
Sköpun bernskunnar 2023 Creation of Childhood 2023

10 11

25.02.2023 – 13.08.2023

SAMSÝNING GROUP EXHIBITION
Valin verk fyrir sköpun og fræðslu Selected works for creation and education
Innan rammans Framed

07

25.03.2023 – 13.08.2023

GUÐJÓN GÍSLI KRISTINSSON
Nýtt af nálinni New Approach

09

25.03.2023 – 13.08.2023

SARA BJÖRG BJARNADÓTTIR
Tvær eilíðir milli 1 og 3 Two Infinities Between 1 and 3

12

06.05.2023 – 14.05.2023 / 18.11.2023 – 26.11.2023

VMA THE AKUREYRI COMPREHENSIVE COLLEGE
Útskriftarsýning Final Projects

10 11

06.05.2023 – 14.05.2023

MYNDLISTASKÓLINN Á AKUREYRI AKUREYRI SCHOOL OF VISUAL ARTS
Sjónmennt 2023 Visual Art Studies 2023

10

02.06.2023 – 13.08.2023

SAMSÝNING GROUP EXHIBITION
Afmæli – samsýning norðlenskra myndlistarmanna
Anniversary – selected works by North Icelandic artists

10 11

02.06.2023 – 13.08.2023

ÁSMUNDUR ÁSMUNDSSON
Myrkvi Eclipse

02 03 05

02.06.2023 – 13.08.2023

INGA LÍSA MIDDLETON
Hafið á öld mannsins Ocean in the Age of Humans

04

26.08.2023 – 14.01.2024

HILDA DE PAULO / TALES FREY
Leiðnivír Conducting Wire

01

26.08.2023 – 14.01.2024

SAMSÝNING GROUP EXHIBITION
Hringfarar Circuits

02 03 04 05

26.08.2023 – 11.08.2024

BRYNHILDUR KRISTINSDÓTTIR
Að vera vera To Be a Being

06

26.08.2023 – 04.02.2024

KATA SAUMAKONA
Valin verk fyrir sköpun og fræðslu Selected works for creation and education
Einfaldlega einlægt Simply Sincere

07

26.08.2023 – 10.03.2024

DRÖFN FRÍÐFINNSDÓTTIR
Töfrasproti tréristunnar Wonders of the Woodcut

09

26.08.2023 – 10.03.2024

MELANIE UBALDO
Afar ósmekklegt Completely Tasteless

12

05.10.2023 – 08.10.2023

A! GJÖRNINGAHÁTÍÐ A! PERFORMANCE FESTIVAL

10 11

02.12.2023 – 04.02.2024

SIGURÐUR GUÐJÓNSSON
Hulið landslag Enigma

11

02.12.2023 – 24.11.2024

SAMSÝNING GROUP EXHIBITION
Safn: Hildigunnur Birgisdóttir og verk úr safneign Listasafnsins á Akureyri
Collection: Hildigunnur Birgisdóttir and works from Akureyri Art Museum Collection

08

SAFNBÚÐ
LISTASAFNSINS

Gjafavörur
Bækur
Myndir
Munir
Kort
Plaköt
Bolir

VINIR
LISTASAFNSINS

Vinafélag Listasafnsins á Akureyri er félag áhugafólks um myndlist og er tilgangur þess að efla starfsemi safnsins

Skráningu og allar upplýsingar má finna á

listak.is



YFIRSTANDANDI SÝNINGAR
ONGOING EXHIBITIONS

Salir Galleries		
– 29.01.23		11
Samsýning Group exhibition		
Solander 250: Bréf frá Íslandi Solander 250: Letters from Iceland		
– 19.02.23		07
Valin verk fyrir sköpun og fræðslu Selected works for creation and education		
Form í flæði II Flowing Forms II		
– 12.03.23		09
Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá		
Vatnið og landið The Water and the Land		
– 12.03.23		12
Egill Logi Jónasson		
Þitt besta er ekki nóg Your Best is Not Enough		
– 13.08.23		06
Steinunn Gunnlaugsdóttir		
blóð & heiður blood & honor		
– 19.11.23		08
Safneign Listasafns Háskóla Íslands University of Iceland Art collection		
Stofn Foundation		



The Visitors, 2012

RAGNAR KJARTANSSON



Gestirnir

The Visitors

04.02.2023 – 13.08.2023

The Visitors – óður vináttu við tónfall rómantískrar örvæntingar. Hópur vina og tónlistarmanna safnast saman í kjörlendi bóhemíunnar, í ljósaskiptunum, á hinum stórbrotna og hnignandi Rokeby Farm í Upstate New York. Staðurinn verður vettvangur þess sem Ragnar kallar femínískt, nihilískt gospel lag: marglaga portrett af vinum listamannsins, könnun á möguleikum tónlistar í kvikmyndaforminu og dregur titil sinn af síðustu plötu ABBA, *The Visitors*, sem mörkuð var aðskilnaði og ósigri. Lagið er samið við textabrot úr myndbandsverkum og gjörningum Ásdísar Sifjar Gunnarsdóttur.

The Guardian valdi *The Visitors* besta listaverk 21. aldarinnar eftir að það var fyrst sett upp í Migrossafninu í Zürich 2012. Verkið hefur farið sigurför um helstu listasöfn heims og hefur einungis einu sinni áður verið sýnt á Íslandi, í Kling og Bang 2012.

Ragnar Kjartansson (f. 1976) nam við Listaháskóla Íslands, Konunglegu Akadémíuna í Stokkhólmi og Hússtjórnarskólann í Reykjavík. Einkasýningar hans hafa verið haldnar í mörgum af virtustu listasöfnum heims og hann var fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum 2009.

Sýningarstjóri: Hlynur Hallsson.

The Visitors – an ode to friendship under the intonation of romantic desperation. A group of friends and musicians gather in the natural habitat of bohemians, during the twilight hour, in the faded splendor of Rokeby Farm in Upstate New York. The location becomes a scene for what Kjartansson calls a feministic nihilistic gospel-song: a multilayered portrait of the artist's friends, an exploration of film-music, which title derives from ABBA's final album, *The Visitors*, marked by separation and defeat. The music is written to a collage of sentences from Ásdís Sif Gunnarsdóttir's video works and performances.

The Guardian named *The Visitors* the best artwork of the 21st century after it was first exhibited in the Migros Museum in Zürich 2012. The work has triumphed in all the major art museums of the world and has only once before been exhibited in Iceland, in Kling & Bang 2012.

Ragnar Kjartansson (born 1976) studied at Iceland University of the Arts, The Royal Academy in Stockholm and the Homemaking School in Reykjavík. His solo exhibitions have been held in respected art museum around the world. He represented Iceland at the Venice Biennale in 2009.

Curator: Hlynur Hallsson.



Hafdís Helgadóttir, *ón titils / untitled*, 2021 (hluti úr verki / detail)

NÝ OG SPLUNKUNÝ

NEW AND BRAND NEW

Salir Galleries 02 03 04 05

Verk úr safneign Listasafnsins á Akureyri

Selected works from Akureyri Art Museum Collection

04.02.2023 – 14.05.2023

Því ber að fagna að nú getur Listasafnið á Akureyri aftur hafist handa við kaup á verkum í safneignina. Sýningin *Ný og splunkuný* gefur yfirlit yfir verk sem safninu hafa verið gefin á síðustu árum en hafa ekki verið sýnd og splunkuný verk sem safnið hefur keypt.

Eitt af meginhlutverkum listasafna er að safna myndlist og miðla safneigninni, enda mikilvægt að safna með reglubundnum hætti listaverkum sem endurspegla listasöguna.

Í söfnunarstefnu Listasafnsins segir meðal annars: „Söfnunarsvið Listasafnsins á Akureyri er allt landið en jafnframt leggur safnið sérstaka áherslu á söfnun verka sem tengjast Norðurlandi.“ Móttaka gjafa takmarkast af því markmiði að Listasafnið byggi upp heillega og markvissa safneign. Safnstjóri og fulltrúar í Listasafnsráði fjalla um og taka ákvarðanir er varða móttöku gjafa og um kaup á nýjum verkum. Ákvörðunin byggir á söfnunarstefnu safnsins, markmiðum þess og stöðu safneignar á hverjum tíma.

Sýningarstjóri: Hlynur Hallsson.

It is appropriate to celebrate the fact that Akureyri Art Museum will again be buying artwork for its collection.

The exhibition *New and Brand New* gives an overview over artworks that have been donated to the museum during the last few years but haven't been exhibited before, as well as brand new works bought for the collection.

One of the main roles of art museums is to collect art and exhibit their collection and is it therefore important to regularly acquire artwork that reflect art history.

Among the things stated in Akureyri Art Museum's procurement policy is that Icelandic art should be collected and furthermore a special emphasis is on collecting art tied to North Iceland. The receiving of donations is limited to art that serves the goal of a comprehensive and focused collection. The Museum director and members of the Museum Counsel, decide which donations to accept, based on the procurement policy and the state of the permanent collection.

Curator: Hlynur Hallsson.



Einar Helgason, *Hrísey og Tröllaskagi*, 1998 (hluti úr verki / detail)

HÉR OG ÞAR I – II

HERE AND THERE I – II

Hjúkrunarheimilið Hlíð

Samsýning

Group exhibition

10.02.2023 – 04.06.2023 09.09.2023 – 07.01.2024

Samstarf við ólíka hópa er mikilvægur þáttur í starfsemi Listasafnsins á Akureyri. Sífelld er leitað leiða til að útvíkka starfsemina og gera safneignina aðgengilega öllum aldurshópum. Í ár er bryddað upp á þeirri nýbreytni að vinna heildstæðar sýningar frá grunni og setja upp utan safnsins. Listasafnið og Hjúkrunarheimilið Hlíð vinna saman að því að fræða og gleðja íbúa, starfsfólk og gesti Hlíðar með tveimur myndlistarsýningum 2023 og leiðsögn þeim tengdum. Sýningunum er ætlað að viðhalda menningarlegri tengingu íbúa við myndlistarsögu bæjarins, vekja upp minningar og samræðugrundvöll um myndlist og samfélagið.


Verk eftir listamennina Jón Laxdal Halldórsson, Roj Friberg og Þorvald Þorsteinsson verða sýnd á fyrri sýningunni, en allir hafa þeir unnið með bókmenntir og texta í verkum sínum. Á seinni sýningunni verða verk sem sýna náttúru og mannlíf, eftir listamennina Einar Helgason, Guðmund Ármann Sigurjónsson og Tryggva Ólafsson.

Sýningarstjórar: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir og Heiða Björk Vilhjálmsdóttir.

Collaborating with diverse groups is an important part of the work at Akureyri Art Museum. Ways to broaden the operations are constantly being explored as well as making the collection accessible to people of all ages. One of this year's innovations at the Akureyri Art Museum is designing an exhibition for a space outside the museum. The Museum and the senior's home Hlíð collaborate in this project, which is meant to enlighten and delight the residents, staff and guests at Hlíð, with two art-exhibitions and guided tours. The aim is to maintain people's cultural connection to the art history of Akureyri and to revive memories and discussion on visual art and society.

Works by the artists Jón Laxdal Halldórsson, Roj Friberg and Þorvaldur Þorsteinsson will be exhibited at the first exhibition, they have all used literature and texts in their work. In the latter exhibition there will be works showing nature and daily life by the artists Einar Helgason, Guðmundur Ármann Sigurjónsson and Tryggvi Ólafsson.

Curators: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir and Heiða Björk Vilhjálmsdóttir.



Úlfur Logason, *án titils / untitled*, 2022

SKÖPUN BERNSKUNNAR 2023

CREATION OF CHILDHOOD 2023

Salir Galleries 10 11

Samsýning

Group exhibition

25.02.2023 – 23.04.2023

Þetta er tíunda sýningin undir heitinu *Sköpun bernskunnar*. Hún er sett upp sem hluti af safnfræðslu, með það markmið að gera sýnilegt og örva, skapandi starf barna á aldrinum fimm til sextán ára. Þátttakendur hverju sinni eru skólabörn og starfandi myndlistarmenn. Þátttakendur vinna verk sem falla að þema sýningarinnar, sem að þessu sinni er *manneskjan öll*.

Myndlistarmennirnir sem boðin var þátttaka í ár eru Úlfur Logason og Hlaðgerður Íris Björnsdóttir. Skólarnir sem taka þátt að þessu sinni eru leikskólinn Klappir og grunnskólarnir Lundarskóli, Brekkuskóli og Síðuskóli, sem og Minjasafnið á Akureyri / Leikfangahúsið.

Leikskólabörnin komu í Listasafnið í nóvember síðastliðnum og unnu sín verk undir stjórn Úlfs Logasonar og Guðrúnar Pálínu Guðmundsdóttur, fræðslufulltrúa og sýningarstjóra. Myndmenntakennarar grunnskólanna sem taka þátt stýra vinnu sinna nemenda, sem unnin er sérstaklega fyrir sýninguna.

Sköpun bernskunnar hlaut öndvegisstyrk Safnaráðs 2020 til þriggja ára. Af því tilefni verður gefin út vegleg bók 2024, þar sem farið verður yfir verkefnið og sýningarnar.

Sýningarstjóri: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir.

This is the tenth exhibition with the title *Creation of Childhood*. As part of the museum education the aim is to present and stimulate creative work and creative thinking of school children from the age of five to sixteen. Participants each time are children and artists who create works according to the theme, which this time is *human beings*.

Participating artists this year are Úlfur Logason and Hlaðgerður Íris Björnsdóttir. Participating playschool this time is Klappir and the elementary schools Lundarskóli, Brekkuskóli and Síðuskóli, as well as Akureyri Museum / Toy Museum.

Children from the playschool visited the museum in November and created their work under guidance from Úlfur Logason and Guðrún Pálína Guðmundsdóttir, museum teacher and curator. Art teachers from the elementary schools cooperate with their students in creating the works they will exhibit.

Creation of Childhood was in 2020 allotted a three-year honors grant from The Icelandic Museum Fund. A splendid book will be published in 2024 where the project and the exhibitions will be reviewed.

Curator: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir.

INNAN RAMMANS

FRAMED

Valin verk fyrir sköpun og fræðslu

Selected works for creation and education

25.02.2023 – 13.08.2023



Í fræðslu um myndlist er lítið fjallað um það sem gerist þegar listamaður afhendir nýjum eiganda fullunnið listaverk. Þegar um málverk er að ræða stendur valið um innrömmun eða engan ramma. Við innrömmun hefur tíðarandinn og ólíkur smekkur fólks mikil áhrif. Rammar eru fjölbreyttir og þeir dýrustu eru gjarnan útskornir, skreyttir, jafnvel gullmálaðir og gefa til kynna virðingu, munað og verðmæti. Áður fyrr var það einkum auðugt fólk í valdastöðum sem átti slík verk og oft en ekki voru forstjórar málaðir eins og kóngafólk fyrri alda og verkinu komið fyrir í viðamiklum gullramma.

Á sýningunni má finna valin verk úr safneign Listasafnsins á Akureyri, sem öll eiga það sameiginlegt að vera í gullramma. Það er áhorfandans að meta gildi rammanna og sýningin á að fá áhorfandann til að ígrunda listina og hvers konar umgjörð henti hverju verki. Hvaða tilfinningar kalla gullrammarnir fram? Hvernig væru verkin í annars konar römmum eða hreinlega án ramma?

Sýningarstjórar: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir og Heiða Björk Vilhjálmisdóttir.

In art education it is seldom mentioned what happens when an artist hands over a finished artwork to a new owner. In the case of a painting the choice is between a frame or no frame. Different taste and zeitgeist will greatly influence this choice. Frames are diverse and the most expensive ones are often carved, decorated, even painted with gold - conveying respect, luxury and value. In former times it was mostly wealthy and powerful people who owned such pieces. They would often be portrayed in paintings like royalty were, centuries ago, framed in big golden frames.

This exhibition presents a selection of works from Akureyri Art Museum's collection, all in golden frames. Viewers will evaluate the worth of the frames – the aim is to have the guests consider the art and what kind of frame suits each piece. What kind of feeling do the frames evoke? How would different frames change the works - or no frames at all?

Curators: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir and Heiða Björk Vilhjálmisdóttir.



Bleika stofan, 2022

GUÐJÓN GÍSLI KRISTINSSON



Nýtt af nálinni New Approach

25.03.2023 – 13.08.2023

Markmið *Listar án landamæra* er að vinna að menningarlegu jafnrétti fyrir fatlaða listamenn. Verkefnið stendur fyrir árlegri hátíð sem sýnir öll listform eftir bæði fatlaða og ófatlaða listamenn. Hátíðin fagnar 20 ára afmæli í ár og er Listasafnið á Akureyri nú þátttakandi í fyrsta sinn.

Guðjón Gísli Kristinsson (f. 1988) sýndi fyrstu útsaumsmyndina sína á sýningu í Sólheimum sumarið 2020 og hefur síðan sýnt á samsýningum *Listar án landamæra* í Reykjavík og MeetFactory í Prag. Hann vinnur út frá ljósmyndum af raunverulegum fyrirmyndum og teiknar eftir þeim áður en verkið fer á strammann, þar sem það er saumað út af elju og ástríðu. Myndefni Guðjóns Gísla eru ýmist nánasta umhverfi eða íslenskt landslag, en nýlega hefur hann leitað innblásturs í hönnunartímarit og innanhússarkitektúr. Óháð myndefninu má sjá samhljóm í litavali, mynstrum og handbragði.

The aim of *Art Without Borders* is to work towards cultural equality for disabled artists. An annual festival is held where diverse artforms by disabled and non-disabled artists are exhibited. This year the festival celebrates its 20th anniversary and for the first time Akureyri Art Museum is participating.

Guðjón Gísli Kristinsson (born 1988) showed his first embroidery at an exhibition in Sólheimar 2020 and has since participated in *Art Without Borders* group exhibitions in Reykjavík and MeetFactory in Prag. In his art creations he uses photographs of which he first makes a drawing and then does the needlepoint onto the woven material – with passion and diligence. Kristinsson's subject matter is either his closest surroundings or Icelandic landscape, although his most recent works are inspired by design magazines and interior design. Independent of the motifs one can see harmony in his color palette, patterns, and technique.

ÞRIÐJUDAGSFYRIRLESTRAR

Þriðjudagsfyrirlestrar fara
fram í sal 11
kl. 17–17.40

24. janúar
Guðmundur Ármann Sigurjónsson
myndlistarmaður

31. janúar
Elfar Logi Hannesson
leikari
Marsibil G. Kristjánsdóttir
myndlistarkona

7. febrúar
Agnes Ársælsdóttir
myndlistarkona

14. febrúar
Stefán Þór Sæmundsson
rithöfundur og íslenskukennari


21. febrúar
Marta Nordal
leikhússtjóri

28. febrúar
Andrea Weber
myndlistarkona

7. mars
Einar Sigþórsson
arkitekt

14. mars
Hyo Jung Bea
myndlistarkona

Verið velkomin
Aðgangur ókeypis



SMIÐJUR

Margs konar smiðjur
fyrir unga sem
aldna eru haldnar
endurgjaldslaust árið
um kring í Listasafninu


Skráningu og allar
upplýsingar má finna á
listak.is

FRÆÐSLUSTARF

Fræðslustarf Listasafnsins er
ætlað alls konar hópum,
s.s. skólahópum, vinahópum
og vinnustaðahópum

Heimsóknir eru bókaðar á
palina@listak.is





Tvær eilíffðir milli 1 og 3

Two Infinities Between 1 and 3

25.03.2023 – 13.08.2023

„Þú gengur meðfram sjávarsíðunni. Virðir fyrir þér óendanleika sjóndeildarhringsins en speglar inn á við, þar er heldur engan endi að finna. Til að ná skerpu þarf að afmarka.

Þú gengur inn, rýmið er afmarkað, afmarkað af líkama, framlenging af líkama. Líkami og rými eru eitt og hið sama en aðskilin í senn, eins og tveir vökvar í sama máli. Hugsun er líkamleg, það býr víska í líkamanum. Milli huga og líkama eru huglæg skil; tveir dropar í sama vatni. Vitundin svamlar milli líkama, huga, rýmis og allra rásanna sem flæða þar á milli.“

Sara Björg kafar út í rýmið og leyfir líkamlegri tengingu sinni við það að leiða sig áfram í framsetningu þessa verks – verks sem reynir að fanga tilfinningu, ástand eða tíma sem orð ná ekki utan um. Óáþreifanleg minning af nýliðnu tímabili stöðnunar.

Sara Björg Bjarnadóttir (f. 1988) útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands 2015. Hún hefur sýnt víða á Íslandi og einnig í Berlín, Vilnius, Los Angeles, Aþenu og London.

“Strolling by the shore, gazing at the infinite horizon you reflect into a limitless introspection. For clarity one must confine.

Stepping into a confined space, a space emerging through the way the body inhabits it, an extension of the body. Body and space unified and separate, simultaneously, two liquids in one vessel. Thought is bodily, there is wisdom in the body. Between mind and body there is a concept of a margin, two drops of the same body of water. Awareness swims between body, mind, space and all channels in-between.”

Sara Björg submerges herself into the space. Her physical connection to the space directs the presentation of this piece. A piece that tries to embody a feeling, situation or time that words cannot express. An intangible memory of a recent period of stagnation.

Sara Björg Bjarnadóttir (born 1988) graduated from Iceland University of the Arts in 2015. She has exhibited her work around Iceland as well as in Berlin, Athens, Vilnius, London and Los Angeles.





Útskriftarsýning 2023

Nemendur listnáms- og hönnunarbrautar VMA

Final Projects 2023

Visual art and textiles students at VMA -
The Akureyri Comprehensive College

06.05.2023 – 14.05.2023 18.11.2023 – 26.11.2023

Sýningar á lokaverkefnum nemenda hafa lengi verið fastur liður í starfsemi listnáms- og hönnunarbrautar Verkmenntaskólans á Akureyri. Sýningarnar eru tvær yfir árið, annars vegar í lok vorannar og hins vegar í lok haustannar. Þetta er áttunda árið í röð sem þær eru haldnar í samstarfi við Listasafnið á Akureyri.

Við undirbúning slíkra sýninga velja nemendur sér verkefni eftir áhugasviði, þar sem þeim gefst tækifæri til að kynna sér nýja miðla eða dýpka skilning sinn á þeim sem þeir hafa áður kynnst. Að baki verkanna liggur hugmynda- og rannsóknarvinna og leita nemendur víða fanga í eigin sköpunarferli, allt eftir því hvað hentar hverri hugmynd og þeim miðli sem unnið er með.

Samhliða öðru námi fá nemendur eina önn til að vinna að lokaverkefnum sínum og uppsetningu sýningar í samtali og samvinnu við leiðsagnarkennara og samnemendur, þar sem frumkvæði, hugmyndaauðgi og öguð vinnubrögð eru lögð til grundvallar.

It has become a tradition to exhibit the final projects of Akureyri Comprehensive College's art and design students at the Akureyri Art Museum. Two exhibitions are held every year, one at the end of the spring term and one at the end of the fall term. This is the eighth year in a row that these exhibitions are held in cooperation with Akureyri Art Museum.

When preparing for these exhibitions, students choose an assignment based on their field of interest and have the opportunity to deepen their understanding of mediums which they have encountered before or acquaint themselves with new ones. The students have gone through the idea and research phase in the artistic process, and they search high and low for data for their own creative process, depending on what is suitable for each idea and each medium.

Alongside their other studies the students have one semester to work on their final assignments and set up the exhibition in cooperation with an instructor and the other students. The values, on which this process is based, are initiative, creative thinking, and disciplined work methods.



MYNDLISTASKÓLINN Á AKUREYRI

AKUREYRI SCHOOL OF VISUAL ARTS

Salur Gallery 10

Sjónmennt 2023

Nemendasýning Myndlistaskólans á Akureyri

Visual Art Studies 2023
Students from The Akureyri School of Visual Arts


06.05.2023 – 14.05.2023

Það dylst engum, sem skoðar verk þeirra myndlistarmanna og hönnuða sem brautskráðir eru að loknu þriggja ára námi í sérnámsdeildum Myndlistaskólans á Akureyri að þar eru á ferð sterkir einstaklingar sem taka fag sitt alvarlega og hagnýta sér til fulls þá reynslu sem þeir hafa öðlast.

Sjálfskoðun er mikilvæg og gerir þá kröfu til nemandans að hann nái að yfirstíga nánd sína og birta viðfangsefni sitt á þann hátt að það vekir áhuga áhorfandans. Það getur verið snúið, en styrkleiki nemandans felst í hnitmiðaðri, myndrænni framsetningu verkanna og kunnáttu til að miðla henni á sem sterkastan hátt til áhorfandans. Myndræn framsetning verkanna er hluti af hugmyndinni og gegnir lykilhlutverki í að miðla áhrifunum til áhorfandans.

No one who observes the work of the artists and designers who graduate after three years of specialized studies at the Akureyri School of Visual Arts is in doubt that they are strong individuals who take their profession seriously and take full advantage of the experience they've gained.

The students' strength lies in a focused, visual presentation of artwork and skill as well as communicating that to the viewer in as powerful a manner as possible. The works' visual presentation is a part of the idea and plays a key role in communicating the influence to the viewer.



AFMÆLI

ANNIVERSARY

Salir Galleries 10 11

Samsýning norðlenskra myndlistarmanna

Selected works by North Icelandic artists

02.06.2023 – 24.09.2023

Þetta er í fimmta sinn sem sýning á verkum norðlenskra listamanna er haldin í Listasafninu á Akureyri. Sýningin er tvíæringur og er að þessu sinni unnið út frá þemanu *afmæli*, sem er vísun í 30 ára afmæli Listasafnsins en jafnframt opið fyrir alls konar túlkunum listamanna.

Dómnefnd velur verk úr innsendum tillögum listamanna sem búa á Norðurlandi eða hafa sérstaka tengingu við svæðið.

Gefin er út sýningarskrá á íslensku og ensku og er áhugavert að bera saman sýningarskrár fyrri sýninga til að sjá hvaða þróun er í verkum norðlenskra listamanna. Markmiðið er vissulega að sýna þá fjölbreytni í efnistöfum, aðferðum og hugmyndum sem listamenn af svæðinu eru að fást við hverju sinni.

Sýningunni *Afmæli* er ætlað að gefa innsýn í þá fjölbreyttu flóru myndlistar sem tengist Norðurlandi og vekja umræður um stöðu norðlenskra listamanna og myndlistar almennt. Þessi tvíæringur getur verið grunnur rannsókna og sköpunar á sviði myndlistar og um leið hvatning og tækifæri.

Sýningarstjóri: Hlynur Hallsson.

This is the fifth time an exhibition of works by artists in North Iceland is held in Akureyri Art Museum. The exhibition is a biennale and now has a special theme: *Anniversary*, a reference to the 30 years since Akureyri Art Museum first opened – although artists are free to interpret this in their own way.

A special jury selects works from artists who apply and live in North Iceland or have a special connection to the region.

A catalogue is published in Icelandic and English, which will be interesting to compare with older catalogues and see what kind of development is in the artworks of artists in the North of Iceland. The aim is surely to exhibit the diversity in approaches, methods and ideas of artists in the region each time.

The exhibition *Anniversary* is meant to give an insight into the diverse flora of visual arts tied to North Iceland and bring attention to, and inspire, discussion on the status of artists and visual arts in North Iceland. Hence the biennale can become a basis for research and creativity within the field of visual arts as well as a motivation and opportunity.

Curator: Hlynur Hallsson.



Stellar, 2019

ÁSMUNDUR ÁSMUNDSSON



Myrkvi Eclipse

02.06.2023 – 13.08.2023

Hin alltumlykjandi goðsaga liggur eins og mara yfir samtímanum og umvefur núíð og hið liðna. Hún mótar hugsanir og vekur þrár og þýðir allt sem býr í hlutunum, myndunum og tungumálinu í kringum okkur yfir á merkingarbært form. Yfirvöld og stórfyrirtæki nota myndmál til að viðhalda valdastrúktúrum og búa í haginn fyrir framtíðina. Háþróaður affreyngar- og auglýsingaiðnaðurinn framleiðir myndir til að koma skilaboðum á framfæri og móta einstaklinginn á ísmeygilegan hátt.

Í verkum sínum tileinkar Ásmundur Ásmundsson sér myndmál samtímans og umbreytir því til að skapa sinn persónulega myndheim, sína eigin goðsögu. Á sama tíma varpar hann ljósi á það sem liggur á bak við stýrandi afl myndmálsins og afhjúpar hugmyndafræði og valdastrúktúra sem liggja til grundvallar okkar samfélagsgerð.

Ásmundur Ásmundsson (f. 1971) vinnur með ýmsa miðla í sinni listsköpun og hefur haldið fjölda sýninga á þrjátíu ára ferli. Hann hefur jafnframt skrifað margar greinar fyrir tímarit og blöð, haldið fyrirlestra og framið gjörninga.

The all-encompassing myth weighs upon the present like an incubus and embraces the now and the past. It shapes thoughts and awakens longings and translates all things, the images and the language around us into semantic form. Authorities and corporate media use images to maintain the power structures and make way for their future interests. Advanced entertainment and advertising industry produces images to send messages and mould the individual in a cunning way.

In his work Ásmundsson adopts the imagery of the present time and transforms it to create his own visual language, his personal myth. At the same time, he sheds a light on what lies behind the dominant force of the imagery and exposes the ideology and power structures that are the foundations of our society.

Ásmundur Ásmundsson (born 1971) creates his works in various medias and has held numerous exhibitions during his career of 30 years. He has furthermore written many articles for magazines and newspapers, held lectures and executed performances.

INGA LÍSA MIDDLETON



Hafið á öld mannsins

Ocean in the Age of Humans

02.06.2023 – 13.08.2023

Svifþörungar eru smæstu lífverur hafsins. Þeir framleiða allt að 50% alls súrefnis, auk þess að binda um 40% af öllum koltvísýringi sem leystur er úr læðingi. Þar sem hvalir fyrirfinnast er einnig að finna þéttustu breiður svifþörungna, því úrgangur hvala inniheldur þau járn og nítröt sem þörungarnir þrífast á. Þetta merkilega samspil á milli smæstu og stærstu lífvera jarðar er ein af úrlausnum náttúrunnar til að takast á við loftslagsvána.

Milljónir tonna af plasti enda árlega í hafinu. Það hefur skaðleg áhrif á hvali sem gleypa það í æ meira magni og örplast getur hamlað ljóstillífun og vexti þörungna. Ef þörungar og hvalir hverfa, þá er hætt við að mannkynið hverfi líka.

Inga Lís Middleton (f. 1964) stundaði ljósmyndanám við UCA Farnham og Royal College of Art í Bretlandi. Ljósmyndaverk hennar hafa verið sýnd víða um heim, þar á meðal í London, París, Tókýó, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Phytoplankton are our oceans' smallest organisms. They produce close to 50% of all oxygen as well as binding around 40% of all carbon that is released. Wherever whales are found, so too are populations of phytoplankton; whale waste contains the iron and nitrogen which phytoplankton need to grow. This remarkable relationship between Earth's smallest and largest creatures is one of nature's solutions to climate change.

Each year several million tons of plastic end up in the ocean. Swallowing large quantities of it causes whales great harm, and micro plastics can affect photosynthesis and phytoplankton's growth. If phytoplankton and whales disappear, so may humankind.

Inga Lís Middleton (born 1964) studied photography at UCA Farnham and Royal College of Art in the UK. Her photographs have been widely exhibited with shows in London, Paris, Tokyo, Copenhagen and Reykjavík.





Tricycle Trauma, *Grounding*, frá A! / from A! 2022



SAFNIÐ AÐ INNAN BEHIND THE MUSEUM SCENES

Leiðsögn á bak við tjöldin Guided Tour Backstage

14.08.2023 - 25.08.2023

Það getur verið áhugavert fyrir gesti Listasafnsins á Akureyri að skyggnast á bak við tjöldin í safninu og fá innsýn í þá vinnu sem fram fer á milli sýninga. Hvernig er umhorfs þegar verið er að skipta um sýningar? Hvernig er skipulagið í listaverkageymslunni, á skrifstofunni og verkstæði Listasafnsins? Hvað er á bak við starfsheiti eins og fræðslufulltrúi, verkefnisstjóri og sýningarstjóri?

Boðið verður upp á leiðsögn, þar sem gestir fá svör við þessum spurningum og gefst jafnframt kostur á að hitta listamenn og starfsfólk Listasafnsins, sem er að undirbúa og setja upp sýningar. Á tímabilinu sem um ræðir er verið að setja upp sjö nýjar sýningar í níu sýningarýmum og því í mörg horn að líta. Gestir geta því upplifað þennan annasama og spennandi tíma í safninu og fengið þannig innsýn í þá starfsemi þess sem oftast er ekki aðgengileg gestum. Nákvæm dagsetning á leiðsögn verður auglýst í júní.

It can be interesting for guests of Akureyri Art Museum to have a look behind the scenes and get an insight into what takes place between exhibitions at a museum. How are the surroundings during that period? How are things arranged in the storage rooms, the offices and the workshop? What kind of work does a *museum teacher*, *project manager* and a *curator* do?

Guided tours will be offered where guests can get answers to those questions. They can also meet artists and staff of the Museum, who are preparing and installing exhibitions. During the period in question seven new exhibitions are being installed in nine galleries – a hectic time. Guests can experience these busy days in the Museum and get a sense of the work that takes place – which most often is not on display to the public. Dates for the guided tours will be advertised in June.



Il Faut Souffrir Pour Être Belle, 2018

HILDA DE PAULO / TALES FREY

Salur Gallery 01



Leiðnivír Conducting Wire

26.08.2023 – 14.01.2024

Sýningin samanstendur af úrvali verka eftir brasilíska listamennina Hilda de Paulo (f. 1987) og Tales Frey (f. 1982), sem hafa unnið saman í meira en fimmtán ár. Listamennirnir hafa komið víða við í margvíslegum listformum og eru verk þeirra því samtal á milli fjölmargra sviða, s.s. sjónlista, sviðslista og gjörningalistar. Þau skilgreina sig sem eftirtektarvert dæmi um verkefni á jaðrinum, þar sem kannaður er krafturinn í því sem er samhliða.

Með sýningunni hafa þau áhuga á að skilgreina báðar hliðar, finna snertifletina og samrunann; árangurinn af langri samvinnu og samlífi þessara tveggja listamanna. Hilda tekur virkan þátt í gjörningum Tales, sem á móti er viðriðinn mörg af verkum Hilda. Hvað yfirfærast frá einum til annars? Hvar liggja mörkin á milli lífsins og verkanna? Á hverju er sambandið byggt? Í þessari samvinnu eru verk listamannanna sett fram sem pólitík langana, með það að markmiði að skapa aðrar útgáfur af tilverunni.

Báðir listamenn hlutu menntun sína í háskólum í Portúgal, Hilda í listasögu og Tales í leikhúsfræðum.

Sýningarstjóri: Pollyana Quintella.

The exhibition will present a selection of works by the Brazilian artists Hilda de Paulo (born 1987) and Tales Frey (born 1982), who have been working together for over fifteen years. By transiting through the most diverse formats, their productions are a dialogue with multiple fields, such as the visual arts, the scenic arts, and the performing arts. They define themselves as a notable example of a practice on the edge, exploring the power of what is adjacent.

In the exhibition, they are interested in articulating both productions, identifying their points of meeting and convergence, the result of the long collaborative coexistence between the two artists. Hilda actively participates in Tales' performances, who, in turn, is present in many of Hilda's works. What is incorporated from one to the other? What are the boundaries between life and work? What is the relationship made of? In this collaboration, the artist's works are presented as politics of desire, with the aim of building other modes of existence.

Both artists finished their university degrees in Portugal, Hilda in Art History and Tales in Theatre Studies.

Curator: Pollyana Quintella.



Elsa Dórothea Gísladóttir, *Koparblómi* / Copperblooming, 2021

HRINGFARAR

CIRCUITS

Samsýning

Group exhibition

26.08.2023 – 14.01.2024

Listamennirnir sem hér koma saman vinna út frá náttúrulegum ferlum, efniviði og samhengi. Hver og einn hefur sína persónulegu nálgun, en sameiginlega mengið er efniviður úr nærumhverfinu, sem hver og einn vinnur með á sinn persónulega hátt.

Verk Sólveigar Aðalsteinsdóttur endurspegla hugleiðingar um tíma og umhverfi, náttúruna, vöxt og gróður, þar sem mörk innri og ytri veruleika eru ekki endilega ljós.

Elsa Dórothea Gísladóttir vinnur með hverfulleika, sjálfbærni, ræktun, lífkerfi og alkemíu hvunn dagsins. Tíminn er afar mikilvægur þáttur í hennar verkum.

Guðjón Ketilsson vinnur gjarnan með fundna hluti sem geyma minningar og sögur liðinna atburða. Hann skrásetur þá, endurskipuleggur og setur í annað samhengi.

Daglegt umhverfi hefur oft verið kveikjan að verkum Guðrúnar Hrannar Ragnarsdóttur, svo sem rauðrófuhýði í vatni sem hefur myndað rauðan lit og pappírsörk á glugga sem raki hefur teiknað á.

The artists that gather here create through natural processes, materials and context. Each has their personal approach, although the common set is material from the micro-environment.

The works of Sólveig Aðalsteinsdóttir reflect contemplations on time and environment, nature, growth and vegetation, where the borders between inner and outer reality aren't necessarily clear.

Elsa Dórothea Gísladóttir works with impermanence, sustainability, cultivation, biosystems and the alchemy of everyday. Time is an important factor in her work.

Guðjón Ketilsson typically works with found objects that carry with them memories and stories of past events. He records them, rearranges and creates a new context.

Everyday surroundings have often sparked the idea behind the works of Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, such as the peel of a beetroot that has created red color in water, or a piece of paper marked by moisture on a window glass pane.



BRYNHILDUR KRISTINSDÓTTIR



Að vera vera To Be a Being

26.08.2023 – 11.08.2024

„*Verurnar* hafa fylgt mér frá því að ég skoðaði Museo della Statue Stele Lunigianesi í Pontremoli á Ítalíu vorið 1990. Frumstæðar höggmyndirnar höfðu mikil áhrif á mig og hafa fylgt mér æ síðan. Í verkum mínum skoða ég þenslu málverksins ásamt því að breyta lögun þess frá flatneskju yfir í þrívítt form. Ég velti fyrir mér hvað er *innan og utan* myndformsins og tengslum þess við umhverfið, en undanfarin ár hef ég í auknum mæli valið að sýna verk mín utandyra.“

Brynhildur Kristinsdóttir (f. 1965) vinnur með mismunandi miðla sem taka mið af viðfangsefninu hverju sinni. Hún hefur kennt myndlist og átt í samstarfi við ýmsa listamenn, gert leikmyndir og búninga fyrir gjörninga og dans. Brynhildur nam myndlist í Myndlistaskólanum á Akureyri og Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Hún lauk kennaranámi frá Háskólanum á Akureyri og meistaranámi í listkennslu frá Listaháskóla Íslands 2022. Hún hefur haldið einkasýningar og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum.

“*The Beings* have been with me since I visited Museo della Statue Stele Lunigianesi in Pontremoli, Italy 1990. The primitive sculptures had a big effect on me and have been with me ever since. In my work I am looking at the expansion of the painting as well as changing it from flatness into three-dimensional work. I contemplate what is *inside and outside* the picture-form and how it is connected to the environment. Lately I have more often chosen to exhibit my work outdoors.”

Brynhildur Kristinsdóttir (born 1965) works in diverse media, each time according to the subject matter. She has taught visual art and collaborated with various artists, done stage design and costumes for performances and dance. Kristinsdóttir studied visual art at Akureyri School of Visual Arts and The Icelandic College of Art and Crafts. She finished Teacher Education at The University of Akureyri and a master's degree in arts education at University of the Arts in 2022.



Án titils, án ártals / untitled, undated

KATA SAUMAKONA

Salur Gallery 07

Einfaldlega einlægt

Simply Sincere

Valin verk fyrir sköpun og fræðslu

Selected works for creation and education

26.08.2023 – 04.02.2024

Katrín Jónsdóttir (1914-1994) vann margvísleg störf á lífsleiðinni, en snemma fór hún að sauma og var því oftast kölluð Kata saumakona. Málverk hennar flokkast undir naívisma, sem er einstakur tjáningarmáti og vísar til verka listamanna sem ekki hafa hlotið hefðbundna myndlistarmenntun heldur fylgja eigin tilfinningu og einlægni í sköpun sinni. Stíllinn birtist í sérstakri tækni og óbeislaðri lita- og frásagnargleði, sem brýtur upp ríkjandi reglur og viðmið, en býr jafnframt yfir mikilli fegurð.

Kata saumakona var komin á efri ár þegar hún hóf að gera tilraunir í myndlist. Á sýningunni fá safngestir tækifæri til fræðslu og sköpunar, með því að virða fyrir sér hluta þeirra verka Kötú sem eru í eigu Listasafnsins. Verkin eru einlæg og ástríða hennar hvatning fyrir börn og fullorðna, því allir geta skapað. Útkoman getur komið á óvart.

Verkin á sýningunni eru hluti gjafar sem ættingjar Kötú færðu Listasafninu 1994.

Sýningarstjórar: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir og Heiða Björk Vilhjálmsdóttir.

Katrín Jónsdóttir (1914-1994) held various jobs during her lifetime but early on she started sewing and due to that she was most often called Kata the Seamstress. Her paintings are naive – which refers to a form of art usually defined as visual art that is created by a person who lacks the formal education and training that a professional artist undergoes. Naive artists are guided by emotions and sincerity in their creations – using unique methods and colors as well as a narrative that breaks the rules and norms but, at the same time, possesses a lot of beauty.

Kata the Seamstress had reached a mature age when she started experimenting with visual art. In this exhibition guests will have an opportunity to learn and create through viewing a portion of her works that are owned by Akureyri Art Museum. The works are sincere, and her passion should be an inspiration for children and adults alike – since we can all create. The outcome could be surprising.

The works exhibited are a portion of what Kata's family donated to the Akureyri Art Museum in 1994.

Curators: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir and Heiða Björk Vilhjálmsdóttir.

DRÖFN FRIÐFINNSDÓTTIR



Töfrasproti tréristunnar

Wonders of the Woodcut

26.08.2023 – 10.03.2024

Dröfn Friðfinnsdóttir (1946-2000) nam við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1962-1963 og við Dupointskólann í Kaupmannahöfn 1964. Haustið 1982 hóf hún nám við Myndlistaskólann á Akureyri og útskrifaðist þaðan frá máladeild 1986. Hún hélt áfram námi í Finnlandi 1987-1989. Dröfn hlaut ýmsar viðurkenningar fyrir list sína og 1998 var hún Bæjarlistamaður Akureyrar.

Sýningin *Töfrasproti tréristunnar* fjallar um afar frjótt tímabil í listsköpun Drafnar, sem hófst í námsferð til Finnlands 1987 og stóð til 1999, þar sem tréristan er hennar aðalviðfangsefni. Dröfn risti myndverk sín í stórar og grófar krossviðarplötur og þrykkti eitt eintak í einu án aðstoðar hefðbundinna grafíkáhaldna.

Á þennan nána hátt glímdi Dröfn bæði við efnið og andann. Þegar liturinn og tréð létu undan sífelldum stökum listamannsins og gáfu eftir á pappírinn fullbúið verk, er eins og myndin fljóti á milli flatarins og áhorfandans, þar sem æðar og áferð prentplötunnar eru enn til staðar eins og fjarlæg minning.

Dröfn Friðfinnsdóttir (1946-2000) studied at The Icelandic College of Art and Crafts 1962-1963 and at the Dupont School in Copenhagen 1964. She began her studies at Akureyri School of Visual Arts in the fall of 1982 and graduated from there 1986. She continued her studies in Finland 1987-1989. Friðfinnsdóttir received several recognitions for her art creations and in 1998 she was the honorary artist of Akureyri.

Wonders of the Woodcut shows works from an especially fertile twelve-year period in Friðfinnsdóttir's creative life, which began with a school trip to Finland in 1987, and where woodcuts are her main subject. She cut her art into large pieces of coarse plywood and imprinted one at a time without the traditional printing equipment.

In this intimate way she dealt with both content and spirit. When the color and the wood have both succumbed to the artist's constant strokes and created onto the paper a finished piece, it is as if the picture floats between the surface and the viewer, where the veins and texture of the print plate still remain, like a distant memory.



Kundalini I, 1999 (hluti úr verki / detail)

MELANIE UBALDO



Afar ósmekklegt Completely Tasteless

26.08.2023 – 10.03.2024

„Hvernig er hægt að minnast hræðilegra gjörða án þess að úr verði sjónarspil? Fyrir lokaverkefnið mitt í MA-náminu spreiddi ég á glugga í gallerýi í Breiðholti orðin „Farðu til fjandans helvítis útlendingaskíturinn þinn“ og allt ætlaði um koll að keyra.

Þessi einkasýning er innblásin af því bakskoti sem ég varð fyrir við þetta tiltekna textaverk. Athugasemdir frá ókunnugu fólki á netinu hafa síðan orðið að jarðsprengjusvæði haturs, heimsku og kynþáttafordóma, sem nýtist sem efniviður í sýninguna. Ofbeldið sem beint var að mér hefur breyst í opinbera rökræðu um hvernig við sættumst við kynþáttafordóma á Íslandi. Markmið sýningarinnar er að endurheimta það gangverk tungumálsins sem orðræða kynþáttafordóma nýtir sér með því að ráðskast vísitandi með sýnileika málsins og sigla á milli mismunar þess að sjá, lesa og að lokum – skilja.“

Melanie Ubaldo (f. 1992) lauk MA-námi frá Listaháskóla Íslands 2022. Hún er einn af stofnendum listamannapríeykisins *Lucky 3* og hefur tekið þátt í sýningum á Íslandi og erlendis. Verk hennar má m.a. finna í safneign Listasafns Íslands, Listasafns Reykjavíkur, Gerðarsafns og Hafnarborgar.

“How does one commemorate appalling acts without turning it into a spectacle? For my master's solo exhibition, in early 2022, I spray-painted the words „Farðu til fjandans helvítis útlendinga skíturinn þinn“ (Go to hell you fucking foreign shit) on the gallery windows in Breiðholt, and all hell broke loose.

This solo exhibition is inspired by the backlash I received in connection with that textual work. The comments from strangers online have since become a minefield of hatred, stupidity and racism, serving as material for the exhibition. A private act of violence towards me has turned into a public debate on how we reconcile with racism in this country. The exhibition aims to reclaim the mechanism of language that racist speech exploits, by deliberately manipulating its visibility and navigating the difference between seeing, reading and ultimately – understanding.”

Melanie Ubaldo (born 1992) graduated with an MA in Fine Arts from the Iceland University of Arts in 2022. She is a founding member of the artist-trio *Lucky 3* and has participated in exhibitions in Iceland and abroad. Her work can be found in the collections of National Gallery of Iceland, Reykjavík Art Museum, Hafnarborg – Centre of Culture and Fine Art, Gerðarsafn – Kópavogur Art Museum and more.



Farðu til fjandans helvítis útlendingaskíturinn þinn, 2022



Örn Alexander Ámundason, *Klemmdur*, frá A! 2022 / from A! 2022

A! GJÖRNINGAHÁTÍÐ

A! PERFORMANCE FESTIVAL

A!

05.10.2023 – 08.10.2023

A! er fjögurra daga alþjóðleg gjörningahátíð sem haldin er árlega, nú í níunda sinn. Hátíðin er samvinnuverkefni Listasafnsins á Akureyri, Leikfélags Akureyrar, Menningarhússins Hofs, Gilfélagsins, Vídeólistahátíðarinnar Heim, Listnámsbrautar Verkmenntaskólans á Akureyri og Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar. A! er eina hátíðin á Íslandi sem einbeitir sér einungis að gjörningalist.

Fjölbreyttir gjörningar og leikhústengd verk af öllum toga eru á dagskránni. Þátttakendur eru ungir og upprennandi listamenn, ásamt reyndum og vel þekktum gjörningalistamönnum, dans- og leikhúsfólki. Á meðal þeirra sem komið hafa fram eru Kristján Guðmundsson, Gjörningaklúbburinn, Elisabeth Raymond, Rúrí, Theatre Replacement, Katrín Gunnarsdóttir, Tricycle Trauma, Áki Sebastian Frostason, Brák Jónsdóttir, Anna Richardsdóttir, Snorri Ásmundsson, Florence Lam, Olya Kroytor og Dýrfinna Benita Basalan.

Á hverju ári breytir hátíðin Akureyri í suðupott spennandi gjörninga. Ókeypis er inn á alla viðburði.

A! Is a four-day international performance festival held every year, now for the ninth time. The festival is a collaboration between Akureyri Art Museum, Hof Cultural Center, Akureyri Theater, The Gil Society, The Video-festival Heim, Visual Art Department of Akureyri Comprehensive College and Icelandic Art Centre. A! Is the only festival in Iceland that focuses solely on performance art.

A variety of performances and theatre-based projects of all kind are on the agenda. Participants are young up-and-coming artists as well as experienced and well-known performance artists and theatre professionals. Among those who have participated are Kristján Guðmundsson, Icelandic Love Corporation, Elisabeth Raymond, Rúrí, Theatre Replacement, Katrín Gunnarsdóttir, Tricycle Trauma, Áki Sebastian Frostason, Brák Jónsdóttir, Anna Richardsdóttir, Snorri Ásmundsson, Florence Lam, Olya Kroytor and Dýrfinna Benita Basalan.

Every year the festival turns Akureyri into a bustling cauldron of exciting performances. All events are free of charge.



SIGURÐUR GUÐJÓNSSON



Hulið landslag Enigma

02.12.2023 – 04.02.2024

Sigurður Guðjónsson er þekktur fyrir magnþrungin vídeóverk, þar sem mynd, hljóð og rými mynda órofa heild. Hann beinir einkum sjónum að virkni margs konar tækjabúnaðar, þar sem áhorfandinn er lokkaður inn í heim sefjandi endurtekningar, takts og reglu og mörk hins mannlega og vélræna verða óljós.

Verkið *Enigma* einkennist af sefjandi endurtekningum, þar sem takturinn er sleginn eins og hjartsláttur alheimsins sem kemur reglu á óreiðuna. Með rafeindasmásjá má greina kolefnisbrot og gera örsmáan efnisheiminn sýnilegan með milljónfaldri stækkun. Þar sjáum við óravíddir, ekki ósvipaðar þeim sem við getum séð með stjörnuvísingum sem beint er út í himinhvolfið. Titringur og taktur í ólínulegri frásögn, sem byggir á minnsta mögulega mælikvarða, opna okkur heim svimandi vídda.

Sigurður Guðjónsson var fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum 2022. Hann hlaut Íslensku myndlistarverðlaunin 2018 fyrir sýninguna *Innljós*, sem samanstóð af vídeóinnsetningum í Sankti Jósefsspítala í Hafnarfirði.

Sigurður Guðjónsson is known for his magnificent video works where image, sound and space form an unbroken whole. He focuses particularly on the function of a variety of technical equipment, where the viewer is lured into a world of soothing repetition, rhythm and order, and the boundaries of the human and the mechanical become blurred.

The work *Enigma* is characterised by mesmerising repetitions in which a rhythm is struck like the heartbeat of the universe, creating order out of chaos. Using an electron microscope, carbon particles can be seen, and this minuscule material world can be made visible by millionfold magnification. There we see colossal dimensions, not unlike those seen through an astronomical telescope aimed out into the heavens. Vibration and rhythm in a non-linear narrative, grounded in the smallest possible scale, open our eyes to a world of dizzying dimensions.

Sigurður presented Iceland at the Venice Biennale 2022. He was awarded the Icelandic Art Prize for Visual Artist of the Year in 2018 for his dark and atmospheric exhibition *Inlight*, which featured video installations set throughout St. Joseph's, a defunct hospital in Hafnarfjörður, Iceland.



SAFN: HILDIGUNNUR BIRGISDÓTTIR OG VERK ÚR SAFNEIGN

COLLECTION: HILDIGUNNUR BIRGISDÓTTIR
AND WORKS FROM THE COLLECTION

Salur Gallery 08

Samsýning

Group exhibition

02.12.2023 – 24.11.2024

Allt frá því fyrstu listasöfnin í eigu almennings voru sett á stofn á síðari hluta 18. aldar, hafa þau gegnt ákveðnum skyldum gagnvart listaverkæigninni, en listasafn telst auðvitað ekki raunverulegt safn nema þar sé að finna safneign. Helstu skyldur eru: að skrá safneignina, upplýsa almenning um gildi hennar og sýna hana.

Á þessari sýningu er þessum skyldum framfylgt með fremur óhefðbundnum hætti, þar sem safnstjóri Listasafnsins á Akureyri, Hlynur Hallsson, leitaði til Jóns B. K. Ransu, sýningarstjóra, um að setja saman sýningu úr safneigninni, sem þá leitaði til myndlistarkonunnar Hildigunnar Birgisdóttur til að vinna sjónrænt með safneignina – í raun eins og að um hvert annað hráefni væri að ræða. Hildigunnur er þekkt fyrir að nota söfnun og skrásetningu sem hluta af listsköpunarferlinu. Safn, í þessum skilningi, hefur því tvöfalda merkingu: annars vegar er það eignin sem Listasafnið á Akureyri hefur sankað að sér og hins vegar listaverk eftir Hildigunni Birgisdóttur.

Sýningarstjóri: Jón B. K. Ransu.

Ever since the first publicly owned art museums were established in the late 18th century, they have had certain obligations towards their collection. An art museum is of course not a real one unless it possesses a collection. The main duties are registering and exhibiting the collection as well as educating the public about its value.

In this exhibition these obligations are implemented in a rather unconventional way. The director of Akureyri Art Museum, Hlynur Hallsson, contacted Jón B. K. Ransu, curator, about putting together an exhibition from the collection, who then contacted the artist Hildigunnur Birgisdóttir on working with the visual aspect – as if the collection was simply raw material. Birgisdóttir is known for applying collecting and registering to the creative process. A collection in this context has a double meaning: on the one hand it is the art that the museum has acquired, and on the other hand it is a piece of art by Hildigunnur Birgisdóttir.

Curator: Jón B. K. Ransu.



ÁRSKORT

Með árskortinu að **Listasafninu á Akureyri** færðu aðgang að öllum sýningum árið um kring fyrir aðeins 4.500 kr. frá og með kaupdegi

**N4 ER EKKI BARA SJÓNVARP.
N4 ER ÞAR SEM ÞÚ VILT ÞEGAR ÞÚ VILT.**

N4



LISTASUMAR 2023

ART SUMMER 2023

MYNDLIST
TÓNLIST
LEIKLIST
BÓKMENNTIR
HÖNNUN
SÝNINGAR
UPPÁKOMUR
GJÖRNINGAR
LISTSMÍÐJUR

VISUAL ART
MUSIC
THEATRE
LITERATURE
DESIGN
EXHIBITIONS
EVENTS
PERFORMANCES
WORKSHOPS



Útgáfa í yfir hálfa öld!

DAGSKRÁIN

dagskrain@dagskrain.is | 697 6608 | vikubladid.is

VIKUBLADID.IS

Auglýsingar í Dagskránni bera árangur!

Dagskráin er borin út á öll heimili og fyrirtæki á Akureyri, Svalbarðseyri, Grenivík, Árskógssandi, Hauganesi og Hjalteyri. Auk þess er hana að finna í ýmsum verslunum á Norður- og Austurlandi

Hafðu samband ef þú vilt auglýsa:
dagskrain@dagskrain.is
eða í síma 697 6608

VIKUBLADID



LEIÐSÖGN

GUIDED TOUR

Leiðsögn alla fimmtudaga

Guided tour every
Thursday

Nánari upplýsingar
For more info

listak.is

FJÖLSKYLDU- LEIÐSÖGN

Leiðsögn og smiðja fyrir alla
fjölskylduna, unga sem aldna

Nánari upplýsingar
listak.is



Vandaður og skemmtilegur
fjölmiðill er gulls ígildi



akureyri
Oftast sólarmegin **.NET**

BRUNCH

ALL DAY
EVERY DAY

OPEN FROM 8 AM

KETILKAFFI

LOCATED IN
AKUREYRI ART MUSEUM

[**RUB23**]
RESTAURANT
FISH - MEAT - SUSHI



B
BAUTINN
- Veitingastaður síðan 1971 -



*Gilið
hefur upp á
svo margt að bjóða*



**PIZZA
SMÍÐJAN**
- ELDBAKAÐAR OG STÖKKAR -



**SUSHI
CORNER**

Listasafnið á Akureyri er í eigu Akureyrarbæjar og starfar í þágu almennings. Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr bæjarsjóði í samræmi við fjárhags- og starfsáætlun ár hvert.

Akureyri Art Museum is run by Akureyri municipality for the interest of the public. Operational costs are covered by the municipal treasury in accordance with the yearly budget.



Ragnar Kjartansson, *The Visitors*, 2012.

Myndband á níu skjám, 64 mínútur. Með leyfi listamannsins, Luhring Augustine, New York og i8 gallerí, Reykjavík.

Ljósmynd: Elisabet Davids. TBA21 Thyssen-Bornemisza Art Contemporary Collection, lánaði verkið.

Nine channel video installation with sound. Duration: 64 minutes. Courtesy of the artist, Luhring Augustine, New York and i8 Gallery, Reykjavík. Photo: Elisabet Davids. On loan from TBA21 Thyssen-Bornemisza Art Contemporary Collection.

Inga Lísá Middleton, *Phytoplankton II*, 2019.

Smásjárljósmyndun / Microscopic photography: Rick van den Enden@The Australian Antarctic Division.

Mynd við inngangssávarp safnstjóra: Dýrfinna Benita Basalan, *You Are Boiling My Blood, frá A!* 2022.

Photo by director's foreword: Dýrfinna Benita Basalan, *You Are Boiling My Blood*, from *A!* 2022.

Árbók Listasafnsins á Akureyri 2023 skartar fjórum mismunandi forsíðum.

Akureyri Art Museum's Program-booklet 2023 has four different covers.



Dröfn Friðfinnsdóttir
án titils
1998



Inga Lísá Middleton
Phytoplankton II
2019



Ragnar Kjartansson
The Visitors
2012



Tales Frey
Sissyparity
2020

viljanum
frelsinu
Það sést á frumkvæðinu



Kristall

Starfsfólk Employees

Hlynur Hallsson
Safnstjóri
Director

Guðrún Pálína Guðmundsdóttir
Fræðslufulltrúi
Museum education

Haraldur Ingi Haraldsson
Verkefnastjóri
Project manager

Heiða Björk Vilhjálmsdóttir
Fræðslufulltrúi
Museum education

Hlynur F. Þormóðsson
Kynningarstjóri
PR & web

Ingvar Haraldsson
Húsvörður
Janitor

Sigríður Trampe
Umsjón móttöku og safnbúðar
Reception / Museum store

Þorbjörg Ásgeirsdóttir
Safnfulltrúi
Museum coordinator

Ingirafn Steinarsson
Móttaka
Reception

Bergþóra Aradóttir
Móttaka
Reception

Þorri Birgisson
Móttaka
Reception

Aðgangseyrir	kr. 2.000
Eldri borgarar og námsmenn	kr. 1.000
Árskort	kr. 4.500
Árskort +1	kr. 7.000
Árskort í áskrift	kr. 3.800
Árskort í áskrift +1	kr. 6.000
Vinir Listasafnsins	kr. 5.500

Frítt fyrir 18 ára og yngri, öryrkja og meðlimi í FÍSOS, SÍM, ICOM og Gilfélaginu

Listasafnsráð
Advisory Board of Akureyri Art Museum

Dagrún Matthíasdóttir
Heimir Árnason
Herdís Björk Þórðardóttir
Haraldur Ingi Haraldsson
áheyrnarfulltrúi starfsmanna Listasafnsins
observer, member of staff

Bæjarráð myndar stjórn Listasafnsins á Akureyri
Akureyri town council acts as an Executive Board for Akureyri Art Museum

Hulda Elma Eysteinsdóttir
formaður chairman
Heimir Árnason
varaformaður vicechairman

Hilda Jana Gísladóttir
Hlynur Jóhannesson
Sunna Hlín Jóhannesdóttir
Brynjólfur Ingvarsson
áheyrnarfulltrúi observer
Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir
áheyrnarfulltrúi observer

Útgefandi Publisher
Listasafnið á Akureyri Akureyri Art Museum

Ritstjóri Editor
Hlynur F. Þormóðsson

Hönnun Design
cave canem hönnunarstofa

Þýðing Translation
Þorbjörg Ásgeirsdóttir

Prentun Print
Litlaprent umhverfissvottuð prentsmiðja

ISBN 978-9935-9524-5-5

Ljósmyndir Photographs
Daníel Starrason
Karólína Baldvinsdóttir
Magnús Helgason
listamenn artists

Admission	ISK 2.000
Senior citizens and students	ISK 1.000
Season ticket	ISK 4.500
Season ticket +1	ISK 7.000
Season ticket, subscription	ISK 3.800
Season ticket +1, subscription	ISK 6.000
Friends of Akureyri Art Museum	ISK 5.500

Free admission for 18 and under, disabled people and members of FÍSOS, SÍM, ICOM and the Gil Society

Litlað prent



LITLAPRENT ehf – Alhliða, umhverfissvottuð prentþjónusta
Skemmuvegi 4, blá gata | 200 Kópavogi | S: 540 1800 | www.litlaprent.is